



**Samstarf skóla við trúar- og
lífsskoðunarhópa
Skýrsla starfshóps**

Febrúar 2007

Skýrsla starfshóps um samstarf kirkju og skóla

Stefna Leikskóla- og Menntasviðs um
samstarf leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa



Febrúar 2007

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	4
STARFSHÓPUR UM STEFNUMÓTUN VARDANDI SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA VIÐ TRÚAR- OG LÍFSSKOÐUNARHÓPA	5
NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPSINS	7
TILLÖGUR AÐ STEFNUMÓTUN	8
Athugasemdir frá starfshópnum	9
Hugmyndir um samstarf	9
FYLGISKJAL 1 - KÖNNUN Á STÖÐU SAMSTARFS KIRKJU OG SKÓLA	10
NIÐURSTÖÐUR LEIKSKÓLAR	11
<i>Fara börnin í heimsókn í kirkju á vegum leikskólans?</i>	11
<i>Ef svo er, hvert er hlutverk sóknarprestisins í leikskólanum?</i>	11
<i>Hvernig er rætt um kristna trú í jólaundirbúningi í leikskólanum?</i>	11
<i>Opin svör: Hlutverk sóknarprestis í leikskólanum</i>	12
<i>Opin svör: Hvernig rætt er um kristna trú í jólaundirbúningi í leikskólanum</i>	12
<i>Hvenær á árinu er aðallega umræða um kristin gildi í leikskólanum?</i>	13
<i>Opin svör: Umræða um kristin gildi í leikskólanum</i>	13
<i>Hanga uppi auglýsingar frá kirkjunni í leikskólanum?</i>	14
<i>Eru börnin send heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)?</i>	14
<i>Eru kenndar/farið með bænir í leikskólanum?</i>	14
<i>Fer fram kynning/fræðsla á öðrum trúarbrögðum í leikskólanum?</i>	14
<i>Opin svör: Samstarf kirkju við leikskólann</i>	14
NIÐURSTÖÐUR GRUNNSKÓLAR	16
<i>Fara börnin í heimsókn í kirkju á vegum grunnskólans?</i>	16
<i>Opin svör: Hlutverk sóknarprestis í grunnskólanum</i>	16
<i>Hvernig er rætt um kristna trú í jólaundirbúningi í grunnskólanum?</i>	17
<i>Opin svör: Hvernig rætt er um kristna trú í jólaundirbúningi í grunnskólanum</i>	17
<i>Hvenær á skólaárinu er aðallega umræða um kristin gildi í grunnskólanum?</i>	17
<i>Opin svör: Hvenær á skólaárinu er aðallega umræða um kristin gildi í grunnskólanum?</i>	17
<i>Hanga uppi auglýsingar frá kirkjunni í grunnskólanum?</i>	18
<i>Eru börnin send heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)?</i>	18
<i>Eru kenndar/farið með bænir í grunnskólanum?</i>	18
<i>Fer fram kynning/fræðsla á öðrum trúarbrögðum í grunnskólanum?</i>	18
<i>Fer fermingarfræðsla fram á skólatíma?</i>	18
<i>Opin svör: Um samstarf kirkju við grunnskólann</i>	18
MYNDIR LEIK-OG GRUNNSKÓLAR	19
<i>Hlutfall leik- og grunnskóla sem fara með börnin í heimsókn í kirkju fyrir jól og páska á vegum skólans</i>	19
<i>Hvenær umræða er um kristin gildi í skólunum</i>	19
<i>Hlutfall leik- og grunnskóla, sem hengja upp auglýsingar frá kirkjunni í skólunum</i>	19
<i>Hlutfall leik- og grunnskóla, sem senda börnin heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)</i>	20
<i>Hlutfall leik- og grunnskóla, þar sem fram fer kynning/fræðsla um önnur trúarbrögð</i>	21
FYLGISKJAL 2 – ERINDISBRÉF STARFSHÓPS	22

Starfshópur um stefnumótun varðandi samstarf leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Á haustmánuðum 2006 var settur af stað starfshópur á Menntasviði sem hafði það hlutverk samkvæmt erindisbréfi (fskj. 2) að gera drög að stefnumótun um samstarf kirkju og skóla með hliðsjón af jafnræði trúfélaga.

Starfshópurinn skipaðu:

Kolbrún Vigfúsdóttir, leikskólaskrifstofu Menntasviðs sem var formaður starfshópsins,
Gerður Sif Hauksdóttir, fyrir hönd leikskólastjóra,
Vilborg Runólfsdóttir, fyrir hönd grunnskólastjóra,
Halldór Reynisson, frá Biskupsstofu,
Konný Hákonardóttir, fyrir hönd leikskólakennara,
Guðrún Edda Bentsdóttir, grunnskólaskrifstofu Menntasviðs,
Gerður Gestsdóttir og Sólveig Jónasdóttir (frá 22.01.07), Alþjóðahúsi og
Þórdís Þórisdóttir leikskólaskrifstofu sem var ritari hópsins.

Helstu verkefni hópsins voru að

- að gera könnun á stöðu samstarfs kirkju og skóla í dag,
- að skilgreina hvað felst í samstarfi kirkju og skóla,
- að koma með tillögu að stefnumótun um samstarf kirkju og skóla með hliðsjón af jafnræði trúfélaga.

Starfshópurinn fundaði 9 sinnum á tímabilinu frá 6. nóvember 2006 – 20. febrúar 2007

Það vinnufyrirkomulag var viðhaft að fá aðila á fundi starfshópsins sem hafði einhverja sérþekkingu á viðfangsefninu.

Á fundi hópsins komu:

Hanna Ragnarsdóttir, lektor við KHÍ
Gunnar J. Gunnarsson, lektor við KHÍ
Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri,
Fulltrúar frá Siðmennt – félagi siðrænna húmanista á Íslandi, Jóhann Björnsson, Hope Knútsson, Rut Júlíusdóttir og Bjarni Jónsson,
Sigurður Pálsson, fyrrum sóknarprestur í Hallgrímskirkju og kennari við KHÍ.

Auk þess viðaði hópurinn að sér efni sem tengdist viðfangsefninu s.s. úr dagblöðum, tímaritum, rannsóknum, lögum og reglugerðum og ýmsum alþjóðlegum sáttmálum.

Könnun á samstarfi kirkju og skóla

Gagnadeild Leikskóla- og Menntasviðs gerði könnun á stöðu samstarfs kirkju og skóla í nóvember og desember 2006 og lágu niðurstöður fyrir í byrjun janúar 2007 (Fylgiskjal I). Í könnun Gagnadeildar kemur fram að algengt er að leikskólabörn fari í heimsókn í kirkju fyrir jólin og fyrir jólin er algengt að sungnir séu kristilegir söngvar og rætt um fæðingu Jesú, einnig fer fram umræða um kristni gildi í kring um jólin, en nokkrir nefna aðra umræðu. Sóknarprestur eða aðrir fulltrúar kirkjunnar koma í heimsókn í nokkra leikskóla og hlutverk þeirra þar er að ræða um trú, dyggðir, gildi og siðfræði. Í meira en helmingi þeirra leikskóla sem svara eru hengdar upp auglýsingar frá kirkjunni í leikskólunum. Lítið er um að börn séu send heim með auglýsingar um kirkjulegt starf og sjaldgæft að kenndar séu bænir í leikskólanum. Lítil kynning / fræðsla er um önnur trúarbrögð í leikskólanum.

Í könnuninni kemur fram að meirihluti grunnskóla fer í kirkjuheimsókn fyrir jól. Ekki er algengt að prestar komi í heimsókn í grunnskólana. Einn grunnskóli svarar að það sé vegna áfalla, annar ef hans er óskað og einn nefnir fermingarfræðslu. Um hlutverk prests í grunnskólanum segir einn að það tengist áfallaráði, annar að það sé fyrir starfsfólk og í einum skólanum kennir prestur kristni fræði í 8. bekk. Í flestum grunnskólum eru sungnir kristilegir söngvar fyrir jól, sagðar kristlegar jólasögur og rætt um fæðingu Jesú. Umræða um kristin gildi fer í flestum tilfellum fram í kring um jól og páska. Um samstarf kirkju við grunnskóla segja nokkrir að samstarf sé gott milli þessara stofnana og nefna t.d. samstar við prest fyrir fatlaða nemendur og helgistundir fyrir jól. Meirihluti grunnskóla hengir upp auglýsingar frá kirkjunni, í grunnskólum eru fáir sem kenna/fara með bænir. Flestir grunnskólanna fræða um önnur trúarbrögð en kristni (evangelísk-lúterskrar) og flestir grunnskóla segja að fermingarfræðsla fari fram utan skólatíma.

Nánari niðurstöður úr könnuninni er að finna í fylgiskjali I.

Niðurstöður starfshópsins

Það er samdóma álit starfshópsins að mikilvægt sé að móta starfsreglur um samstarf leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa. Skólastarf byggir á lögum og námskrám fyrir leik- og grunnskóla og á sama hátt byggir kirkjustarf sem og starfsemi annarra trúar og lífsskoðunarhópa á þeim lögum sem þeim eru sett.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands segir að allir eigi rétt til að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins og að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Í Mannréttinasáttmála SP segir að allir menn skuli frjálsir hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Einnig segir að hver maður er frjálsskoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinga og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi. Hún skal miða að því að efla skilning umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarflokka. Þar segir einnig að **foreldrar** skulu fremur öðrum ráða hvernar menntunar börn þeirra njóta og í Barnasáttmála SP segir að aðildarríki skuli **virða rétt og skyldur foreldra og lögráðamanna**, eftir því sem við á, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt, sem samræmist vaxandi þroska þess. Í Barnasáttmála SP segir einnig að aðildarríki skuli tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum, sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Skal virða rétt barns til **frjálsar hugsunar, sannfæringar og trúar**.

Íslenskt samfélag hefur á undanförunum árum verið að breytast úr einsleitu samfélagi í fjölmenningarlegt samfélag. Þó að langflestir Íslendingar tilheyri þjóðkirkjunni, fer þeim fjölgandi sem játa önnur trúarbrögð og aðhyllast aðrar lífsskoðanir. Skólar, eins og aðrar stofnanir í íslensku þjóðfélagi, verða að mæta þessum breytingum og telur hópurinn því réttara að tala um samstarf leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa fremur en samstarf kirkju og skóla.

Til þess að fyrirbyggja misskilning eða árekstra í skólastarfi er mikilvægt að yfirvöld skólamála í sátt við trúar- og lífsskoðunarhópa og foreldra, seti fram skýr markmið með samvinnu, sem eru öllum kunn, og tilgangurinn með samstarfinu ljós. Foreldrar skulu fremur öðrum ráða hvernar menntunar börn þeirra njóta (Mannréttinasáttmáli SP) og virða skal rétt þeirra til að veita barni leiðsögn (Barnasáttmáli SP).

Leikskólar starfa samkvæmt lögum 78/1994 og aðalnámskrá leikskóla frá 1999.

Grunnskólar starfa samkvæmt lögum nr. 66/1995 og aðalnámskrá grunnskóla frá 1999.

Hópurinn setur fram eftirfarandi tillögur að stefnu um samstarf leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa.

Tillögur að stefnumótun

Samskipti leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Samskipti leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa einkennist af skilningi og virðingu fyrir hlutverki hvors annars. Stofnanir eru meðvitaðar um ólíkar forsendur fyrir starfi hvors annars og virða þau lög, reglur og samþykktir sem í gildi eru fyrir þessar stofnanir og samfélagið í heild.

Hlutverk leik- og grunnskóla varðandi trúarbragðafræðslu

Innan leik- og grunnskóla bera kennarar ábyrgð á kennslu og fræðslu barna um trúarbrögð, lífsskoðanir og kristilegt siðgæði. Lögð er áhersla á að í skólum fer fram fræðsla um mismunandi lífsskoðanir og trúarbrögð en þar er ekki stunduð boðun trúar. Í engum tilfellum er skólastarfi og starfi trúar- og lífsskoðunarhópa blandað saman.

Leik- og grunnskólar hafa því mikilvæga hlutverki að gegna að gera fjölbreytileikann sýnilegan á jákvæðan hátt og rækta með börnum og unglingum umburðarlyndi og skilning. Þess vegna er lögð áhersla á mikilvægi þess að stuðla að samræðu og fræðslu um trúarbrögð almennt í þeim tilgangi að tryggja rétt allra, bæði meiri- og minnihluta, og ala börn og nemendur upp við að virða almenn mannréttindi.

Börnum og unglingum skal ekki mismunað vegna trúar eða lífsskoðunar

Í leik- og grunnskóla skal börnum ekki mismunað vegna trúar eða lífsskoðunar þeirra eða foreldra þeirra. Forðast skal aðstæður þar sem börn eru tekin út úr hópnum eða skylduð til að taka þátt í atburðum sem ekki samræmast trúar- eða lífsskoðunum þeirra.

Samstarf skóla og trúar- og lífsskoðunarhópa er alltaf á forsendum skólans

Samstarf leik- og grunnskóla við trúar og lífsskoðunarhópa skal vera á forsendum leik- eða grunnskólans og samkvæmt þeim reglum sem skólastjórnendur setja í samræmi við lög og námskrár.

Komi upp ágreiningur um túlkun reglnanna skal beina þeim til Leikskóla- eða Menntasviðs og verða þær meðhöndlaðar skv. verklagsreglu um meðhöndlun kvartana og ábendinga.

Athugasemdir frá starfshópnum

Starfshópurinn velti fyrir sér í hverju samstarf milli leik- og grunnskóla og trúar- og lífsskoðunarhópa gæti verið fólgið. Aðalatriði að mati hópsins er eins og fram kemur í tillögunum að samstarfið byggi á skilningi og virðingu fyrir hlutverki hvors annars. Hvernig samstarfið mótast er í valdi hvers skóla (leik- og grunn) og þeirra stofnana sem þeir eiga samstarf við. Samkvæmt erindisbréfi er það ekki hlutverk samstarfshópsins að koma með tillögur að innihaldi samstarfsins, en ákvað samt að láta þær hugmyndir sem mest voru ræddar fylgja með skýrslunni.

Hugmyndir um samstarf

Samstarf milli leik- og grunnskóla og trúar- og lífsskoðunarhópa getur falist í fræðslu þeirra fyrir kennara og starfsfólk skólanna.

Samstarf getur einnig falið í sér að kennarar í leik- og grunnskólum leiti aðstoðar hjá fulltrúum trúar- og lífsskoðunarhópa vegna áfalla sem tengjast nemendum eða kennurum skólanna. Þegar um áfallahjálp er að ræða þarf að gæta þess að virða trúarlegar forsendur þeirra sem hlut eiga að máli og alltaf sé leitast við að fjalla um málið af fagmennsku. Hver leik- eða grunnskóli hefur val um það hverja hann kallar til við slíkar aðstæður og hafa samráð við foreldra þegar það á við.

Varðandi börn og nemendur getur samstarf falist í vettvangsheimsóknum sem hafa það markmið að kynna fyrir börnunum starfsemi og hlutverk viðkomandi trúarsamfélaga, fá kynningu á hátíðum og athöfnum er tengjast lífshlaupi mannsins.

Fylgiskjal 1 - Könnun á stöðu samstarfs kirkju og skóla

NÍÐURSTÖÐUR LEIKSKÓLAR.....	11
Fara börnin í heimsókn í kirkju á vegum leikskólans?.....	11
Ef svo er, hvert er hlutverk sóknarprestsins í leikskólanum?.....	11
Hvernig er rætt um kristna trú í jólaundirbúningi í leikskólanum?.....	11
Opin svör: Hlutverk sóknarprests í leikskólanum.....	12
Opin svör: Hvernig rætt er um kristna trú í jólaundirbúningi í leikskólanum.....	12
Hvenær á árinu er aðallega umræða um kristin gildi í leikskólanum?.....	13
Opin svör: Umræða um kristin gildi í leikskólanum.....	13
Hanga uppi auglýsingar frá kirkjunni í leikskólanum?.....	14
Eru börnin send heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)?.....	14
Eru kenndar/farið með bænir í leikskólanum?.....	14
Fer fram kynning/fræðsla á öðrum trúarbrögðum í leikskólanum?.....	14
Opin svör: Samstarf kirkju við leikskólann.....	14
NÍÐURSTÖÐUR GRUNNSKÓLAR.....	16
Fara börnin í heimsókn í kirkju á vegum grunnskólans?.....	16
Opin svör: Hlutverk sóknarprests í grunnskólanum.....	16
Hvernig er rætt um kristna trú í jólaundirbúningi í grunnskólanum?.....	17
Opin svör: Hvernig rætt er um kristna trú í jólaundirbúningi í grunnskólanum.....	17
Hvenær á skólaárinu er aðallega umræða um kristin gildi í grunnskólanum?.....	17
Opin svör: Hvenær á skólaárinu er aðallega umræða um kristin gildi í grunnskólanum?.....	17
Hanga uppi auglýsingar frá kirkjunni í grunnskólanum?.....	18
Eru börnin send heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)?.....	18
Eru kenndar/farið með bænir í grunnskólanum?.....	18
Fer fram kynning/fræðsla á öðrum trúarbrögðum í grunnskólanum?.....	18
Fer fermingarfræðsla fram á skólatíma?.....	18
Opin svör: Um samstarf kirkju við grunnskólann.....	18
MÝNDIR LEIK-OG GRUNNSKÓLAR.....	19
Hlutfall leik- og grunnskóla sem fara með börnin í heimsókn í kirkju fyrir jól og páska á vegum skólans.....	19
Hvenær umræða er um kristin gildi í skólunum.....	19
Hlutfall leik- og grunnskóla, sem hengja upp auglýsingar frá kirkjunni í skólunum.....	19
Hlutfall leik- og grunnskóla, sem senda börnin heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga).....	20
Hlutfall leik- og grunnskóla, þar sem fram fer kynning/fræðsla um önnur trúarbrögð.....	21

NÍÐURSTÖÐUR LEIKSKÓLAR

Fara börnin í heimsókn í kirkju á vegum leikskólans?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já, fyrir jól	50	67,6
Já, fyrir páska	2	2,7
Já, fyrir jól og páska	3	2,7
Nei, aldrei	17	23,0
Annað: á vorin og ef þeim er boðið	2	4,1
Alls	74	100,0

Kemur sóknarpresturinn í heimsóknir í leikskólann? Ef svo er, hve oft á árinu?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já, mánaðarlega	12	17,1
Já, fyrir jól	4	5,7
Já, óreglulega	6	8,6
Nei, aldrei	48	68,6
Alls	70	100,0
Svara ekki	5	
Alls	75	

Ef svo er, hvert er hlutverk sóknarprestsins í leikskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Segir börnunum kristilegar sögur	1	4,8
Syngur kristilega söngva með börnunum	1	4,8
Fræðir börnin um kristna trú	1	4,8
Annað (sjá opin svör)	18	85,7
Alls	21	100,0
Svara ekki	54	
Alls	75	

Hvernig er rætt um kristna trú í jólaundirbúningi í leikskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Sungnir kristilegir söngvar	47	62,6
Sagðar kristilegar jólasögur	30	40,0
Rætt um fæðingu Jesú	50	66,7
Annað (sjá opin svör)	22	29,3

*Merkja mátti við mörg svör.

Opin svör: Hlutverk sóknarprestis í leikskólanum

- Hér er haldin samvera á sal og sungið, unnið með leikbrúður talað um samskipti milli fólks og sagðar sögur, dæmisögur úr biblíunni
- Í raun er það mismunandi, mér finnst presturinn leita til barnanna þ.e.hvað þekkja þau. Mörg börn héðan fara í sunnudagaskólann og biðja um söngva þaðan.
- Ræðir við börnin um t.d. dauðann.
- Þetta er bæði fræðsla og söngur. Fræðsla um trú, dygðir, gildi og siðfræði. Sá aðili sem kemur hingað hefur mikið samstarf við okkur um það sem tekið er fyrir og á hvaða hátt.
- Söngur. Kærleikur, sögur - æskulýðsfulltrúi.
- Sóknarpresturinn segir börnunum kristilegar sögur og syngur kristlega söngva með börnunum.
- Sóknarpresturinn syngur kristlega söngva, biður bænir með börnunum og síðan er umræða um vináttu og kærleika.
- Markmiðið er að fræða börnin um kristlegt siðgæði.
- Ekki endilega allir söngvar og sögur kristilegar.
- Ræðir um góð kristileg gildi s.s.vináttu og annað sem leikskólinn hefur óskað eftir að lögð verðir áhersla á.
- Á stund með börnunum, syngur kirkjulega söngva og ræðir um gildi eins og vináttu, samhjálp og væntumþykju.
- Segir sögur, syngur, fræðir um kristna trú og biður bænir.
- Syngur og biður bænir.
- Ekkert sérstakt ef lífið gengur sinn vanagang.
- Ræða um kærleikann, umburðarlyndi og væntumþykju.
- Segir sögur, syngur, fræðir um kristna trú og biður bænir. Vinnur með kristilegt siðgæði, gildi þess að vera góður við náungann o.f.l.

Opin svör: Hvernig rætt er um kristna trú í jólaundirbúningi í leikskólanum

- Á mjög svo almennum nótum
- Við ræðum um fæðingu Jesú, aðventuna, og syngjum ca tvo jólasálma en annars eru hefðbundin jólalög
- Þetta fer svolítið eftir því hvað börnin eru upptekin af. Það erum engar fastar hefðir hjá okkur.
- Snúast jólin ekki um fæðingu Jesú?
- Við undirbúum jólin bæði út frá gildum trúarinnar og menningu jólasveinatrárarinnar.
- Allt þetta í lágmarki vegna fjölbreytileika hér og að mörg trúarbrögð.
- Helgileikur æfður og dagatal frá kirkjunni lesið.
- Það er ekki mikið farið út í þessa umræðu nema aðeins með elstu börnunum.
- Hvað eru ekki kristilegar jólasögur?
- Almennar jólahefðir Íslendinga.
- Við reynum að fjalla um jólin án þess að tala um kristna trú við börnin.
- Mjög lítið talað um þessi mál.
- Ekki rætt um kristna trú í leikskólanum
- Setjum upp söngleik fyrir leikskólann eins höfum við farið með helgileik í Félagsstarf í Gerðubergi.
- Ekki bein trúarfræðsla, heldur umfjöllun og verkefni vegna hátíðarinnar.
- Sungin barnajólalög.
- Elstu börnin leika jólaguðspjallið fyrir yngri börnin.
- Rætt um afhverju við höldum jól og að allir haldi ekki jól, (mismunandi trúarbrögð)
- Hefðbundinn jólaundirbúningur.
- Jólasöngvar sungnir

- Menning og trú eru samofnir þættir sérstaklega þegar jólin nálgast.
- Að við höfum ekki öll sömu trú og hvað aðrir möguleikar eru í þeirri stöðu og við séum ekki öll eins, og þannig eigi það bara að vera, að bera virðingu fyrir öðrum og allir fái notið sín á eigin forsendum.

Hvenær á árinu er aðallega umræða um kristin gildi í leikskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Kring um jólin	49	65,3
Kring um páskana	24	32,0
Kring um Hvítasunnuna	3	4,0
Annað (sjá opin svör)	26	34,7

*Merkt var við mörg svör.

Opin svör: Umræða um kristin gildi í leikskólanum

- Það er ekki skipulagt rætt um þau
- Jól og síðan yfir veturinn bæði í samveru frá kirkju og í lífsleikni með eldri börnum
- Það er ekki skipulagt rætt um þau
- Þegar börnin eru með vangaveltur í dagsin önn
- Ekki mjög oft
- Lítillega um páska.
- Við ræðum um gildi lífsins allt árið en bein fræðsla um trúargildi er mest í gegnum samstarfsaðila okkar frá Dómkirkjunni.
- Alltaf kærleikur og vinátta
- Kristin gildi eru eflaust í flestu starfi leikskóla en ekki sem kristin gildi heldur sem góða gildi sem finnast eflaust í flestum trúarbrögðum Kærleikur vinátta umburðarlyndi o.fl
- Þegar presturinn kemur í heimsókn einu sinni í mánuði.
- Þegar það á við.
- Umræður um gildi eins og umhyggju, fyrirgefning og fl.tilfinningar.
- Í samræmi við Aðalnámskrá Leikskóla.
- Ekki rætt um kristna trú í leikskólanum
- Ræðum um siðferðileg gildi allt árið, vinátta, kærleikur o.s.v.f.v.
- Kristileg gildi þ.e.mannkærleikur er í umfjöllun allt árið.
- Jafnt yfir árið og þá sérstaklega að setja sig í spor annarra sem okkur finnst hin gullna regla í lífinu.
- Ræðum það ekki sérstaklega.
- Þegar börnin hafa frumkvæði að slíkri umræðu.
- Leggjum áherslu á sammannleg gildi.
- Jafnt og þétt yfir veturinn og kringum jólin.
- Líklegast að leitað væri til prests er við yrðum fyrir áfalli.
- Djákninn hefur komið til okar í 1x í mánuði.
- Þegar við á t.d.við dauðsföll eða þegar börn eru með spurningar.
- Þetta er fjölmenningslegur leikskóli með mörg trúarbrögð

Hanga uppi auglýsingar frá kirkjunni í leikskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	41	56,9
Nei	31	43,1
Alls	72	100,0
Svara ekki	3	
Alls	75	

Eru börnin send heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	8	11,0
Nei	65	89,0
Alls	73	100,0
Svara ekki	2	
Alls	75	

Eru kenndar/farið með bænir í leikskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	4	5,4
Nei	70	94,6
Alls	74	100,0
Svara ekki	1	
Alls	75	

Fer fram kynning/fræðsla á öðrum trúarbrögðum í leikskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	8	10,8
Nei	66	89,2
Alls	74	100,0
Svara ekki	1	
Alls	75	

Opin svör: Samstarf kirkju við leikskólann

- Í rauninni eru ágæt tengsl þarna á milli, en persónulega finnst mér trúarfræðsla eiga að fara fram á heimili barnsins, við getum hins vegar sagt frá ýmsum trúarbrögðum og hvað sé líkt og ólíkt svo dæmi sé tekið.
- Varðandi fræðslu um önnur trúarbrögð þá hefur skapast umræð ef börn úr öðrum trúfélögum taka ekki þátt í samveru með djákna, og einnig tengt mataræði. En formleg fræðsla er ekki.
- Við mætum vera duglegri að heimsækja kirkjuna.
- Mér finnst Grafarvogskirkja standa sig mjög vel, þ.e. þó prestur og æskulýðsfulltrúi koma til okkar þá ræða þeir frekar um vináttuna og það að vera góð, en eru ekki að boða kristna trú. Einnig hefur kirkjan boðið starfsmönnum leikskóla á námskeið einn laugardagsmorgun og hádegisverð á eftir. Þetta er til fyrirmyndar að mínu mati.
- Mikið verið í umræðunni hvort rétt sé að fara með börnunum í kirkju fyrir jólin. Ekki víst að það verði áfram.
- Samstarf Dómkirkjunnar og leikskólans hefur staðið frá ársbyrjun 1999 og hafa frjóir aðilar komið að þessu starfi þann tíma. Þetta samstarfs hefur verið mjög gott. Þegar það hófst var foreldrum sent bréf um þessa tilraun og voru þeir sem þá voru mjög ánægðir með hana. Síðan höfum við kynnt öllum foreldrum þetta samstarf, bæði þeim sem eru að kynna sér starfsemi skólans og þeirra sem eru að koma í viðtal vegna vistunar barna sinna. Einnig eru upplýsingar um þetta samstarf á heimasíðu leikskólans. Við höfum alltaf látið foreldra vita að ef þeir óski

-
- eftir að börnin þeirra taki ekki þátt í þessu verum við með annað í boði. Til þess hefur þó ekki komið. Foreldrar hafa fram til þessa verið ánægðir með þetta samstarf og margir þeirra fara sjálfir með börn sín í sunnudagaskólann. Við erum með foreldra af öðrum trúarbrögðum og hafa þeir viljað að börn sín séu með í þessum stundum hér.
- Leikskólinn er fyrir ofan Grafarvogskirkju og því er mikið um jarðarfari í beinni útsendingu því kynnum við kirkjuna sem jákvætt afl.
 - Engar auglýsingar er hengdar upp í leikskólanum ekki frá neinum, Tel leikskóla ekki eiga að vera brú fyrir auglýsinga til foreldra. Tel eðlilegt að auglýsingar séu sendar beint heim til foreldra barna
 - Mín skoðun er að trúarbrögð séu einkamál fólks og fræðsla / innræting á þeim eigi alfarið að vera á ábyrgð foreldra og þeirra sem þeir vilja fela það verkefni eins og að senda börn sín í sunnudagaskóla eða annað kirkjustarf. Þó fólk sé í þjóðkirkjunni er næsta víst að hinn almenni borgari túlkar trú á misjafnan hátt, jafnvel hljómar boðskapurinn ekki eins hjá prestum hvað þá öðrum. Við reynum eftir bestu getu að svara spurningum barna á hlutlausan hátt en forðumst innrætingu
 - Sóknarprestur Árbæjarkirkju hefur heimsótt okkur á veturnar einu sinni í mánuði í 12 ár. Þegar barn byrjar í leikskólanum er foreldrum kynntar þessar heimsóknir, þau spurð hvort þau séu í þjóðkirkjunni og hvort þau hafi á móti því að barn þeirra taki þátt. Einu sinni á tólf árum hafa foreldrar eins barns óskarð eftir því að barn þeirra taki ekki þátt vegna annarar trúar. Það var ekkert vandamál, barnið tók ekki þátt og passað var upp á að það finndi aldrei fyrir því. Foreldrar eru allir mjög ánægðir með að börnin taki þátt í samverustundunum enda eru þau öll skírð til kristinnar trúar. Samverustundirnar eru aðallega byggðar á því að vera góð hvert við annað, að gera ekki öðrum það sem þú vilt ekki að aðrir geri þér. Mér finnst það mjög mikilvægt að börnin viti að þau geti leitað til kirkjunnar sinnar. Einnig er það mikilvægt fyrir okkur að geta leitað til kirkjunnar þegar við lendum í alvarlegum málum eins og veikindum og dauðsföllum, þá er gott að tengsl eru bæði fyrir okkur og prestinn.
 - Samstarf mjög gott við sóknarprestinn
 - Mjög gott samstarf við starfsfólk kirkjunnar.
 - Starfsmaður með barnastarf kirkjunnar kemur með jóladagatal kirkjunnar til leikskólabarna,eins hefur sami starfsmaður komið í heimsókn og sungið með börnunum.
 - Skipulagið er bara gott eins og það er.
 - Njótum þess góða sem að okkur er rétt án þess að misnota það.
 - Tel það vera hlutverk foreldra að fara með barn í kirkju og fræða það um trúmál.
 - Djákni kirkjunnar kemur einu sinni í mánuði yfir veturinn og talar um tilfinningar, vináttu og að setja sig í spor annarra, við það notar hún handbrúður.. Hún syngur líka sunnudagaskólalög.
 - Trúaruppeldi á að vera í höndum foreldra.
 - Það fer ekki fram umræða um kristileg gildi í leikskólanum fyrir jólin í sjálfu sér heldur meira verið að segja frá afhverju við höldum jól.
 - Samstaf okkar við Laugarneskirkju er gott. Sóknarprestarnir þar eru opnir fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
 - Æskulýðsfulltrúinn frá kirkjunni kemur í heimsókn einu sinni í mánuði og syngur nokkur lög með börnunum bæði kristileg og önnur.
 - Ég tel samstarfið ágætt eins og það er.
 - Unnin var áfallaáætlun í samvinnu við tvo aðra leikskóla og sóknarprest.
 - Við höfum ákveðið að draga okkur út úr mánaðarlegu samstarfi við kirkjuna síðasta heimsókn prests verður í lok nóv.2006.
 - Finnst eðlilegra að kirkjuskólinn hafi sambandi við foreldra en ekki leikskólann.
 - Allir foreldrar vita að við fáum heimsókn frá kirkjunni og enginn hefur gert athugasemd við það , enda eru rúmlega 90% barnanna skírð.
 - Þarf að vera meira samstarf og þá ekki síður á forsendum leikskólans. Unnið kannski með þema um kirkjuna út frá hugmyndum barnanna og að leikskólinn geti þá leitað eftir samstarfi. Eins varðandi áfallaráð; þarf umræðu við kirkjuna í hverfinu til að byggja upp gott teymi.Byggja upp gott áfallaráð og vinna saman að því
-

- 90% barna eru skírð á Íslandi.
- Fræðsla á trúarbrögðum á ekki heima í leikskólanum.
- Teljum okkur vera í góðu samstarfi við okkar kirkju.

NÏURSTÖÐUR GRUNNSKÓLAR

Fara börnin í heimsókn í kirkju á vegum grunnskólans?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já, fyrir jól	31	81,6
Já, fyrir jól og páska	1	2,6
Nei, aldrei	2	5,3
Aðrar ástæður: Í útikennslu, upplestrarkeppni, síðasta kennsludag og skólaslitum.	4	10,5
Alls	38	100,0

Kemur sóknarpresturinn í heimsóknir í grunnskólann? Ef svo er, hve oft á skólaárinu?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já, fyrir jól	4	10,5
Nei, aldrei	14	36,8
Já, fyrir jól og páska	1	2,6
Aðrar ástæður, sjá opin svör	19	50,0
Alls	38	100,0

Aðrar ástæður skólastjóra fyrir heimsókn sóknarprests í grunnskólann

- Ef tilefni er til, mjög sjaldan, af og til, tilfallandi, ef eitthvað sérstakt, ekkert reglulega og ef hans er óskað
- Vegna ýmissa áfalla eins og andláts eða slysfara
- Vegna fermingarbarna

Opin svör: Hlutverk sóknarprests í grunnskólanum

- Hann tengist áfallaráði
- Vegna helgistunda eins og fyrir jólin
- Fyrir starfsfólk
- Segir kristilegar sögur, syngur, fræðir börnin og biður bænin
- Kennir kristinfræði í 8.bekk

Hvernig er rætt um kristna trú í jólaundirbúningi í grunnskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Sungnir kristilegir söngvar	25	65,8
Sagðar kristilegar jólasögur	24	63,2
Rætt um fæðingu Jesú	29	76,3

*Merkja mátti við mörg svör.

Opin svör: Hvernig rætt er um kristna trú í jólaundirbúningi í grunnskólanum

- Jólaguðspjallið sett á svið á jólaskemmtunum.
- Allt er þetta gert á einhvern hátt en á mismunandi hátt eftir aldri og bekkjum.
- Sungnir kristilegir jólasögur og rætt um fæðingu Jesú.
- Það er hefð fyrir því að 6.bekkur æfi helgileik og syni á jólaskemmtunum nemenda.
- Helgileikur á jólaskemmtun.
- Enginn stefna fer eftir hverjum kennara.
- Rætt um hvers vegna jól eru haldin.
- Einn árgangur sýnir helgileik í kirkjunni.
- Vinnum þetta í smíðju, förum yfir tilgang jólanna, að ekki halda allir upp á jólin, tókum tillit til annarra trúarbragða. Ýmis verkefni unnin.
- Rætt um friðarboðaskapinn.

Hvenær á skólaárinu er aðallega umræða um kristin gildi í grunnskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Kring um jólin	24	63,2
Kring um páskana	18	47,4
Kring um Hvítasunnuna	3	7,9

* Merkja mátti við mörg svör.

Opin svör: Hvenær á skólaárinu er aðallega umræða um kristin gildi í grunnskólanum?

- Kristin gildi eru kennd í tengslum við kennslu í kristnum fræðum sem er kennd allt árið en yfirleitt er fjallað sérstaklega um þessar hátíðir kristinna í aðdraganda þeirra
- Um jól og páska
- Í kring um jólin og páskana og svo allan veturinn af og til.
- Þegar tilefni gefst til, t.d. í tengslum við sjónvarpsþætti, viðtöl í fjölmiðlum o.s.frv.
- Í kristinfræðitímum.
- Fjallað er um kristna trú samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla í þemavinnu.
- Við ræðum kristin gildi ekki sérstaklega nema í trúarbragðafræðslu.
- Þegar kristinfræði er á stundaskrá.
- Í kristinfræði/trúarbragðakennslu.
- Fjallað er um kristna trú samkvæmt gildandi námskrá.
- Í kennslu í trúarbragðafræði
- Þegar tilefni gefst til.
- Allt árið
- Á hverjum degi. Skólareglurnar fela í sér kristin gildi.
- Þegar námsefni gefur tilefni til.
- Ekki beint rætt um kristin gildi sem slík en kristilegt siðgæði og þau gildi sem þar liggja undir eru oft til umfjöllunar í starfinu.

Hanga uppi auglýsingar frá kirkjunni í grunnskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	24	64,9
Nei	13	35,1
Alls	37	100,0
Svara ekki	1	
Alls	38	

Eru börnin send heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	25	65,8
Nei	13	34,2
Alls	38	100,0

Eru kenndar/farið með bænir í grunnskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	3	8,3
Nei	33	91,7
Alls	36	100,0
Svara ekki	2	
Alls	38	

Fer fram kynning/fræðsla á öðrum trúarbrögðum í grunnskólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	36	94,7
Nei	2	5,3
Alls	38	100,0

Fer fermingarfræðsla fram á skólatíma?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Nei	37	97,4
Svara ekki	1	2,6
Alls	38	100,0


Opin svör: Um samstarf kirkju við grunnskólann

- Bænir eru kenndar í tengslum kennslu í kristnum fræðum en það er ekki farið með bænir. Þetta getur þó verið háð því hvernig einstaka kennari nálgast kennsluna.
- Samstarf við kirkju er mjög gott og höfum frekar verið að leita leiða til að efla það
- Vegalengdir eru miklar í þessu skólasamfélagi og fleiri en ein sókn sem tilheyrir skólaumhverfinu. Töluverður hópur hér sem tilheyrir Krossinum og Hvítasunnusöfnuðinum.
- Mjög misjafnt eftir kennurum, eldri kennarar kenna fleiri bænir.
- Við hýsum hér starfsemi TTT sem er á vegum kirkjunnar. Hvað varðar kynningu á öðrum trúarbrögðum er það aðallega í eldri deildum.
- Höfum átt mjög gott samstarf við kirkjuna. Erum með sérlega notalegar helgistundir fyrir jólin í skólanum, þar sem prestur úr sóknarkirkjunni er þátttakandi í athöfninni. Í ár erum við að taka þátt í samkeppni um piparkökulíkan af kirkjunni okkar sem kirkjan er upphafsaðili að.
- Frábært samstarf við sóknarprest og annað starfsfólk Árbæjarkirkju.
- Í Laugarnesskóla er sátt um ofangreint.


- Skólinn hefur alla tíð átt mjög gott samstarf við kirkjuna.
- Gott samstarf er við kirkjuna í tengslum við fermingarfræðslu sem fram fer í kirkjunni.
- Samstarf er á allan hátt mjög jákvætt
- Skólinn er með sérstakan prest fyrir fatlaða nemendur, sem kemur þegar hans er óskað. Hún er ráðin hjá þjóðkirkjunni til að sinna fötluðum. Hefur verið í starfi 17 ár. Mjög jákvætt samstarf og lán á kirkju til ýmislega nota.
- Já, kórasamstarf.


MYNDIR LEIK-OG GRUNNSKÓLAR

Hlutfall leik- og grunnskóla sem fara með börnin í heimsókn í kirkju fyrir jól og páska á vegum skólans




Hvenær umræða er um kristin gildi í skólunum






Hlutfall leik- og grunnskóla, sem senda börnin heim með auglýsingar um kirkjulegt starf (dreifibréf, bæklinga)



Hlutfall leik- og grunnskóla, þar sem fram fer kynning/fræðsla um önnur trúarbrögð



Fylgiskjal 2 – Erindisbréf starfshóps